

**Styrkþegar:** Anton Karl Ingason, dósent og Steinunn Rut Friðriksdóttir, doktorsnemi.

**Deild:** Íslensku- og menningardeild.

**Heiti verkefnis:** Kennsluefni í sjálfvirkri nafnaeinræðingu (máltækni).

**Styrktartímabil (ár):** 2022–2023.

**Sundurliðun kostnaðar:** Styrkuppþæð var 1 milljón krónur. Hún fór í að greiða Steinunni Rut Friðriksdóttur laun.

### **Framvinda verkefnis:**

Tilgangur verkefnisins var að útbúa námsefni í nýju námskeiði sem er kennt við í námsgreininni máltækni við Háskóla Íslands á vorönn 2023 og heitir Nafnaeinræðing (MLT805F, sjá [upplýsingar í kennsluskrá](#)). Námsefni námskeiðsins byggir að miklu leyti á bókunum *Speech and Language Processing* eftir Dan Jurafsky og James H. Martin og *Entity-Oriented Search* eftir Krisztian Balog en auk þess var stuðst við fjöldann allan af ritrýndum fræðigreinum sem nemendum var jafnframt ráðlagt að lesa. Í námskeiðinu var fjallað stuttlega um helstu stoðir málvinnslu, netafræði, gagnaöflun og tauganet. Undir miðbiki námskeiðsins varð umræðuefnið mun sérhæfðara og farið dýpra í helstu atriði nafnaeinræðingar, þ.m.t. þekkingarnet, einræðingarlíkön, venslaheimt og samvísunargreiningu. Námskeiðið tók mið af fjarnemum að því leyti að allt námsefni var aðgengilegt á vefsíðu þess, þ.m.t. kennsluglærur, lesefni, upptökur af kennslu (sem má nýta til stuðnings verði námskeiðið kennt aftur) og annað stuðningsefni. Ákveðið var að nýta þá tækni sem Canvas hefur upp á að bjóða frekar en að gera sérstaka heimasíðu fyrir námskeiðið enda mætti þannig spara bæði pening og tíma.

Verkefni í námskeiðinu voru þrenns konar. Í fyrsta lagi bein forritunarverkefni þar sem nemendur fengu tækifæri til að beita þeirri tækni sem var til umræðu hverju sinni og fá þar með betri skilning á námsefninu. Í öðru lagi var um framsögu að ræða þar sem nemendur völdu sér fræðigrein sem tengdist efni námskeiðsins til þess að lesa og kynna í tíma. Engir tveir nemendur fengu sömu fræðigreinina og tíminn var hugsaður sem eins konar málstofa. Í þriðja lagi unnu nemendur lokaverkefni. Nemendur fengu frjálssar hendur til þess að velja sér efni sem félli innan tiltekens ramma, þ.e. ritgerð þar sem nafnaeinræðingu væri gerð góð skil, forritunarverkefni þar sem aðaláherslan væri á að beita einræðingartækninni sem var fjallað um í námskeiðinu eða gagnasöfnunarverkefni þar sem nemendur merktu eða söfnuðu þjálfunargögnum fyrir einræðingarlíkön. Auk verkefnisins skiluðu nemendur skýrslu um ferlið og héldu 15 mínútna kynningu um vinnu sína. Það var ekkert próf í námskeiðinu.